

L Ö G

16

6. apríl

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til þriggja ára í senn. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá um leið niður umboð þeirra útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru af útvarpsnotendum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 6. apríl 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

17

12. júní

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930 [Útvegsbanki Íslands h.f.].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að í 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930, sé ákveðið að kjósa skuli fimm menn í bankaráð Útvegsbanka Íslands h.f., en hins vegar vanti í greininni ákvæði um kosningu varamanna bankaráðsmanna. Er því hætt á því að meiri hluti bankaráðsins geti orðið forfallaður og bankaráðið því ekki ályktunarfært. Samkvæmt þessu verðum Vér að telja brýna nauðsyn að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7, 11. marz 1930 hljóði svo: „Aðalfundur hlutafélagsins kys fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.